

## MasterCard Golfkort

---

Vátryggingarfjárhæðir MasterCard Golfkorts.....	2
1 GILDISÁKVÆÐI .....	2
2 VÁTRYGGINGARSVIÐ/GILDISTÍMI .....	2
3 SKILGREININGAR.....	2
4 FERÐASLYSATRYGGING OG SJÚKRAKOSTNAÐUR .....	3
SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR.....	5
1 ALMENN ÁKVÆÐI .....	5
2 ALMENNAR TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU .....	5
3 FRESTUR TIL AÐ TLKYNNNA UM TJÓN - FYRNING.....	6
4 ÁGREININGUR - MÁLSMEÐFERÐ .....	6
SOS INTERNATIONAL – Neyðarþjónusta .....	7
NÁNARI SKILGREINING Á AÐSTOÐ SOS .....	7
ATHUGAÐU VEL AÐ: .....	9

## Vátryggingarfjárhæðir MasterCard Golfkorts

### Hámarksfjárhæðir í krónum

Dánarbætur vegna slyss	3.600.000
Örorkubætur vegna slyss	3.600.000
Sjúkratrygging	2.000.000*
Samfylgd í neyð	80.000
* eigin áhætta kr.	16.000

## 1 GILDISÁKVÆÐI

- 1.1 Vátrygging skv. eftirfarandi skilmálum er jafnan gild á ferðalögum í allt að 60 samfellda ferðadaga ef a.m.k helmingur ferðakostnaðar hefur verið greiddur með MasterCard Golf kreditkortu eða MasterCard Golfkorts raðgreiðslum fyrir brottför frá heimili vátryggðs.
- 1.2 Vátryggingin nær til korthafa MasterCard Golfkorts, maka, sambýlismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs.
- 1.3 Sé um ferðalag á Íslandi að ræða er vátryggingin því aðeins gild, að a.m.k. helmingur þess ferðakostnaðar, hafi verið greiddur með MasterCard Golf kreditkortu, eða gistirými bókað fyrir fram og kortnúmer gefið upp til greiðslu.  
Skilyrði þessi skulu í öllum tilfellum vera uppfyllt fyrir brottför frá heimil vátryggðs.
- 1.4 Einstaklingur sem fer til vinnu eða náms er einungis vátryggður á útleið og heimleið.
- 1.5 Vátryggður sem býr utan Íslands er tryggður skv. grein 1.1 þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.
- 1.6 Á ferðalögum á Íslandi eru slysatjón í einkabifreiðum undanskilin áhætta í vátryggingu þessari með hliðsjón af 91. og 92. grein umferðarlaga nr. 50/1987.
- 1.7 Vátryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.

## 2 VÁTRYGGINGARSVIÐ/GILDISTÍMI

- 2.1 Vátrygging þessi felur í sér:
  - ferðaslysatryggingu
  - sjúkratryggingu
  - ferðakostnað annarra aðila
  - viðlaga- og neyðarþjónustuSamkvæmt nánari ákvæðum skilmála þessara.
- 2.2 Korthafi nýtur trygginga skv. skilmálum þessum meðan kort hans er í gildi og samningur er um þá milli félagsins og Kreditkorts hf. Þó gildir ferðatrygging samkvæmt korti, sem korthafi hefur í gildi á greiðsludegi ferðar ef ferð er farin innan 6 mánaða frá greiðslu ferðar þrátt fyrir að korthafi segi upp kortinu innan þess tíma. Sömu tímamörk gilda þegar korthafi tekur upp nýtt kort sem hefur ekki eins víðtæka vátryggingaskilmála og fyrra kort.
- 2.3 Kreditkort hf. hefur heimild til að breyta ákvæðum þessara tryggingaskilmála eða fella úr gildi enda verði korthafa tilkynnt um það á tryggan hátt, sbr. viðskiptaskilmála Kreditkorts hf.

## 3 SKILGREININGAR

- 3.1 Í skilmálum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind þannig:  
„Félagið“ merkir Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

„Korthafi“ merkir þann sem hefur MasterCard Golfkort í gildi.

„Vátryggður“ merkir þann sem kröfu á um greiðslu bóta, ef til hennar kemur. Þar er um að ræða korthafa MasterCard Golfkorts, maka hans, sambýlismaka og börn á framfæri til loka 22 ára aldurs.

„Slys“ merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á vátryggðum og gerist án vilja hans.

„Dvalarland“ merkir land þar sem vátryggður hefur: a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búið samfelt í a.m.k. 180 daga.

„Ferðakostnaður“ merkir fargjald og gistikostnað.

„Dvalarkostnaður“ merkir gistingu, ferðakostnað, og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati félagsins. Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.

„Náinn ættingi“ merkir maka, sambýlismaka, unnustu/a, barn, barnabarn, foreldri, systkini, tengdforeldri, tengdabarn, afa eða ömmu vátryggðs.

„Sambýlismaki“ merkir að sambúðaraðilar hafi sameiginlegt: a) lögheimili, b) skattframtal, c) eigi barn saman, eða d) sambúðin hafi sannanlega varað í a.m.k. eitt ár.

„Létt bifhjól“ merkir bifhjól með þá vélarstærð að ekki er krafist ökuskrteinis til notkunar þess.

“MasterCard Golf kreditkort” merkir í skilmálum þessum kreditkort með innifalda ferðatryggingaskilmála samkvæmt samningi Sjóvá-Almennra trygginga hf. og Kreditkorts hf.

## 4 FERÐASLYSATRYGGING OG SJÚKRAKOSTNAÐUR

### 4.1 Slys á ferðalagi

Verði vátryggður fyrir slysi á ferðalagi á vátryggingartímabilinu greiðast bætur í eftirfarandi tilvikum:

4.1.1 Dánarbætur 3.600.000 kr.

4.1.2 Um rétt til greiðslu dánarbóta fer samkvæmt 100. gr. laga nr. 30/2004. Greiðast þá dánarbætur til maka vátryggðs. Með orðinu maki, skv. lögum nr. 30/2004, er ekki átt við sambúðarmaka. Láti vátryggður ekki eftir sig maka fellur vátryggingarfjárhæðin til erfingja vátryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

4.1.3 Varanleg örorka, 3.600.000 kr., eftir örorkustigi frá 16% til 100% svo sem hér greinir:

\* algjör varanlegur missir sjónar, á öðru auga eða báðum, 100%

\* missir handar við úlnlið eða ofar, 100%

\* algjör, varanleg lömum annarrar eða beggja handa, 100%

\* missir fótár við ökkla eða ofar, 100%

\* algjör, varanleg lömum annars eða beggja fóta, 100%

\* algjör, ólæknandi vitskerðing, 100%

\* algjör, ólæknandi lömum, 100%

\* algjört, ólæknandi heyrnarleysi, 50%

\* algjört, ólæknandi heyrnarleysi á öðru eyra, 30%

\* missir þumalfingurs hægri handar, 20%

4.1.4 Algjör varanleg lömum útlíms bætist sem missir þess útlíms. Önnur varanleg örorka, 16% og hærrí, er einnig bætt en þær bætur fara eftir mati sem gert er með hliðsjón af töflum Örkunefndar um miskastig. Ekki er tekið tillit til starfs eða starfshæfni.

4.1.5 Sé hinn vátryggði örvhentur greiðast bætur vegna tjóns á vinstri hendi eins og um þá hægri væri að ræða.

### 4.2 Takmarkanir á bótaskyldu vegna tölulíðar 4.1

- 4.2.1 Dánarbætur vegna töluliðar 4.1.1 hér að framan vegna einstaklings sem er innan 18 ára aldurs þegar hann slasast takmarkast við 10% af dánarbótum.
- 4.2.2 Sé váttryggður 60 ára eða eldri verða váttryggingarfjárhæðir eftirgreindir hundraðshlutar af hámarksfjárhæðum, sem tilgreindar eru í töluliðum 4.1.1 og 4.1.3 hér að framan.
- |               |                     |
|---------------|---------------------|
| 60-61 árs 90% | 68-69 ára 50%       |
| 62-63 ára 80% | 70-71 árs 40%       |
| 64-65 ára 70% | 72-73 ára 30%       |
| 66-67 ára 60% | 74 ára og eldri 20% |
- 4.2.3 Bætur vegna töluliða 4.1.1 og 4.1.3 greiðast því aðeins að slysið leiði til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.
- 4.2.4 Hámarksupphæð bóta fyrir eitt slys eða fleiri sem váttryggður verður fyrir í einni og sömu ferð verður aldrei hærra en 3.600.000 kr.

#### 4.3 Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

Félagið greiðir bætur allt að 2.000.000 kr. vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings, sem váttryggingin nær til.

Váttryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð, 16.000 kr., í hverju tjóni.

Félagið bætir eftirfarandi:

- 4.3.1 Læknis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð samkvæmt læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að váttryggður veikist eða slasast í ferðinni.
- 4.3.2 Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL.
- 4.3.3 Kostnað við nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar.
- 4.3.4 Flutning jarðneskra leifa váttryggðs til Íslands eða dvalarlands.
- 4.3.5 Tilkynna skal SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi váttryggðs á ferðalagi erlendis.

#### 4.4 Ferðakostnaður annarra aðila

- 4.4.1 Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að 80.000 kr. í samráði við SOS INTERNATIONAL vegna náins ættingja eða vinar váttryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika váttryggðs.

#### 4.5 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliða 4.3–4.4

Félagið bætir ekki:

- 4.5.1 Kostnað, sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.
- 4.5.2 Kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.
- 4.5.3 Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.
- 4.5.4 Tjón sem rekja má til þess að váttryggður:
- mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi eða
  - ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.

4.5.5 Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá váttryggingaratburði.

## SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR

### 1 ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið. Váttryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem félagið kann að krefjast til sönnunar kröfu. Eyðublöð fyrir tjonstilkynningar fást hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og á vefsíðu félagsins, [www.sjova.is](http://www.sjova.is).
- 1.2 Tjónabætur greiðast inn á viðkomandi kortareikning í íslenskum krónum. Jafnframt er heimilt að skuldfæra á kortareikning eigin áhættu í sjúkratjónum.
- 1.3 Engum er heimilt án skriflegs samþykkis félagsins að viðurkenna ábyrgð, gefa yfirlýsingar eða aðrar skuldbindingar fyrir þess hönd. Komi til málssóknar vegna kröfu er varðar bótaskyld tjón, eða endurkröfu á þriðja aðila, annast félagið allan rekstur málsins og ræður lögmann að eigin vali.
- 1.4 Váttryggðum ber að gæta þess vandlega að fyrirbyggja eftir megni slys, meiðsl og sjúkleika.
- 1.5 Við andlát váttryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, áskilur það sér rétt til að láta fara fram líkskoðun á eigin kostnað.
- 1.6 Sé félagið bótaskyld í tjóni skv. váttryggingarskilmálum þessum og önnur váttrygging nær jafnframt til sama tjóns, greiðir félagið eingöngu bætur eftir hlutfallslegri ábyrgð.
- 1.7 Dánar- og örorkubætur greiðast samkvæmt skilmálum eins MasterCard kreditkorts, eða korti úttefnu af Kreditkort hf. en eru að öðru leyti óháðar öðrum váttryggingum, sbr. þó ákvæði í kaflanum um gildisákvæði hér að framan.
- 1.8 Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins MasterCard kreditkorts eða korti úttefnu af Kreditkort hf. fyrir hvern váttryggðan vegna hvers tjónsatburðar.
- 1.9 Um gildi og túlkun váttryggingarskilmála þessara fer eftir íslenskum lögum, sbr. þó gr. 7.1.c).
- 1.10 Komi í ljós að váttryggður eða sá sem kemur fram fyrir hans hönd hafi viðhaft svik til að koma fram kröfu á félagið, fellur niður allur réttur til bóta, sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 1.11 Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur.
- 1.12 Um þau atriði sem ekki er öðruvísi um samið skv. skilmálum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Ákvæði skilmála þessara ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

### 2 ALMENNAR TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU

Félagið bætir ekki:

- 2.1 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af:
  - a) beitingu eða notkun hvers kyns kjarnorkuvopna eða kjarnorkubúnaðar sem orsakað getur sprengingu, geislun, losun, dreifingu, sleppingu eða leka kjarnakleyfs efnis sem gefur frá sér geislavirkni og veldur varanlegri örorku eða dauða váttryggðs.
  - b) beitingu eða notkun efnavopna sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu, eða leka hvers kyns efnasambands í föstu formi, fljótandi eða loftkenndu og veldur varanlegri örorku eða dauða váttryggðs.
  - c) beitingu eða notkun líffræðilegra vopna, sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu eða leka hvers kyns sjúkdómsvaldandi örvera, lífrænt framleiddra eiturefna (að meðtöldum erfðabreyttum lífverum eða nýjum og óþekktum eiturefnum) sem veldur varanlegri örorku eða dauða váttryggðs.

- d) stríði, innrás, aðgerðum erlendra óvina, hernaðaráttaka, aðgerðum sem jafnast á við stríð hvort sem stríði er lýst yfir eða ekki, borgarastríði, uppreisn, byltingu, vopnaðri baráttu gegn stjórnvöldum, borgarróstum sem jafna má við uppreisn, valdatöku hers eða valdarán.
- e) Félagið bætir ekki tjón, skaða, kostnað eða útgjöld, hvaða eðlis sem vera kann sem beint eða óbeint orsakast af, eru afleiðing af eða eiga sér stað í sambandi við hvers kyns aðgerðir, sem gripið er til í því skyni að hafa stjórn á, koma í veg fyrir, bæla niður eða tengjast á einhvern hátt stafiðum a), b), c), d) hér að ofan.
- 2.2 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af fjallaklafi, bjargsigi, fallhlífarsökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svifdrekaflugi, svifflugi, kajakferðum, siglingum á bátum sem róði er niður straumharðar ár og fljót, kappreiðum, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjárvar eða neðanjarðar.
- 2.3 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af bifreiða- og vélaípröttum eða notkun vélhjóla, hvort sem váttryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun léttis bifhjóls, sem tekið er á leigu í ferðalagi er fellur undir váttryggingu þessa.
- 2.4 Tjón vegna slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns ípröttum nema um sé að ræða börn yngri en 16 ára.
- 2.5 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi, hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
- 2.6 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af:
- a) jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis.
- b) geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra.
- 2.7 Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingarburður varð, ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. eða 89. gr. laga nr. 30/2004. Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingarburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.
- 2.8 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af sjálfsvígi, geðveiki, meiðslum sem menn valda sjálfum sér, handalögmálum, þátttöku í refsiverðum verknaði, misnotkun lyfja, neyslu fíkniefna, áfengis, kynsjúkdómum eða tjón sem verða er váttryggður hefur stofnað sér í hættu að nauðsynjalausu.
- 2.9 Ef í einum og sama váttryggingarburði verður slys á mörgum einstaklingum sem váttryggðir eru með ferðatryggingum kortahafa Kreditkorts hf., takmarkast heildarbætur félagsins við 25 milljónir USD eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Komi til skerðingar bóta vegna þessa ákvæðis, verður hún hlutfallsleg miðað við bótafjárhæðir sem sérhver bótaþegi hefði ella átt rétt til.

### 3 FRESTUR TIL AÐ TLKYNNNA UM TJÓN - FYRNING

- 3.1 Váttryggður glatar rétti til bóta ef:
- a) hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
- b) hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.
- 3.2 Krafa váttryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. eða 125. gr. laga nr. 30/2004.

### 4 ÁGREININGUR - MÁLSMEÐFERÐ

- 4.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.
- 4.2 Ágreiningu um bótaskyldu félagsins, þ.m.t. sök og sakarskiptingu skaðabótaskyldra aðila, má leggja fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna. Meðferð máls hjá nefndinni er aðilum að kostnaðarlausu. Með greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreiningu um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, fyrir Úrskurðarnefnd

í váttryggingamálum, sem vísuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Málskotseyðublað vegna úrskurðarnefndarinnar er unnt að nálgast hjá félaginu, auk fullri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu beggja nefndanna.

- 4.3 Málsmeðferð fyrir nefndum þessum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

Varnarþing félagsins er Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## SOS INTERNATIONAL – Neyðarþjónusta

Þjónusta SOS INTERNATIONAL vegna slyss eða sjúkdóms erlendis greiðist af MasterCard ferðatryggingu korthafa hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., að því tilskyldu að greiðsla ferðakostnaðar með MasterCard korti hafi verið samkvæmt skilmálum. Innheimt er fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir á kostnaðarverði, en öll ráðgjöf er veitt ókeypis. Þegar leitað er upplýsinga eða aðstoðar SOS INTERNATIONAL er nauðsynlegt að gefa upp kortnúmer, nafn, kennitölu og heimilisfang korthafa og taka fram að hann sé tryggður af Kreditkortu hf.

Einnig má hafa samband við Neyðarþjónustu Kreditkorts hf. (sími +354 533 1400 ef hringt er frá útlöndum) sem hefur þá milligöngu um samskipti við SOS.

### Gildisákvæði

Hver sá sem hefur neyðarkort SOS ásamt gildu íslensku MasterCard kreditkortu getur kallað á aðstoð SOS, hendi hann alvarlegt óhapp á ferðalagi utan Íslands. Neyðarkortið gildir í öllum álfum heims, en takmarkast við að ferð standi lengst í 90 daga samfleytt. Maki, sambýlismaki og börn korthafa 22 ára og yngri, njóta einnig aðstoðar SOS þegar þau eru á ferðalagi.

Gildistími neyðarkortsins er sá sami og MasterCard kreditkortsins.

### SOS INTERNATIONAL - Öryggisþjónusta og neyðarhjálp

Neyðarþjónusta SOS í Kaupmannahöfn, sími +45 7010 5050 er opin allan sólarhringinn árið um kring.

Hvernig er best að bera sig að í neyðartilvikum?

Ef korthafi lendir í vandræðum erlendis er einfaldast að hafa samband við neyðarþjónustu Kreditkorts hf. í síma +354 5331400 ef hringt er frá útlöndum. Þar er svarað í símann allan sólarhringinn og hægt að útskýra aðstæður í rólegheitum á íslensku. Sá sem óskar eftir aðstoð þarf að gefa upplýsingar um nafn, MasterCard kortnúmer, stað og símanúmer þar sem hægt er að hafa samband við viðkomandi. Að lokum þarf sá sem óskar eftir aðstoð að gefa stutta lýsingu á vandanum og hverskonar hjálp er óskað eftir.

Þaðan í frá er málið í höndum okkar og sérfræðinga hjá SOS og þeir veita og meta allar aðstæður og taka síðan ákvarðanir um hvað gera skuli í hverju tilviki.

Mikilvægt er að hafa fullt samráð við SOS til að tryggja sem besta þjónustu í hvívetna.

## NÁNARI SKILGREINING Á AÐSTOÐ SOS

### Slysa- og sjúkraþjónusta

Reyndir starfsmenn annast eftirfarandi:

- \* að veita ráðgjöf og gefa upp nöfn, heimilisföng og símanúmer viðurkenndra lækna, læknastofa eða sjúkrahúsa og tannlækna um heim allan.
- \* að samband verði haft við sjúkrahús og ábyrgð sett fyrir kostnaði, ef þörf krefur.
- \* að ræða við lækna og starfsmenn sjúkrahúss á tungumáli viðkomandi lands.
- \* að leitað verði strax ráða lækna um möguleika á heimflutningi og besta ferðamáta í samræmi við ástand sjúklings. Að ætíð þegar þess er þörf verði hjúkrunarfólk látið fylgja sjúklingi.
- \* að aðstoða við og skipuleggja heimferð ættingja hins sjúka eða slasaða.

\* að skipuleggja og aðstoða við heimferð barna hins sjúka eða slasaða í öruggri fylgd fullorðins, sé þess þörf.

\* starfsfólk SOS getur veitt þjónustu á yfir 30 tungumálum.

## Ferðapjónusta

Gefnar eru upplýsingar um eftirfarandi og veitt aðstoð sé þess óskað:

\* áritun vegabréfa, ónæmisaðgerðir, veðurfar, ástand vega og skilyrði til ferðalaga, heilbrigðisþjónustu o.fl.

\* endurnýjun glataðra eða stolinna vegabréfa, farseðla og ferðaskilríkja.

## Lögfræðiaðstoð

Lendi váttryggður í slysi og/eða þarfnist lögfræðiaðstoðar, aðstoðar SOS INTERNATIONAL við úttegum lögmanns.

## Týndur farangur

Leita má aðstoðar SOS INTERNATIONAL við að hafa upp á týndum farangri eftir að venjuleg leit hefur ekki borið árangur, og skal þá gefa upp farangursnúmer.

## Bilun einkabifreiðar

SOS INTERNATIONAL aðstoðar vegna bilunar eða umferðaróhapps, sem gerir einkabifreið korthafa á ferðalagi í Evrópu, utan Íslands, óökufæra. Aðstoð er veitt við að koma bifreiðinni á verkstæði, útvega bílaleigubíl og/eða gistingu ef þörf krefur. Aðstoðin nær ekki til bílaleigubíla.

## SÍMAÞJÓNUSTA Í VIÐLÖGUM

Viðlaga- og neyðarþjónusta SOS INTERNATIONAL er veitt allan sólarhringinn árið um kring.

**Sími í Danmörku (45) 70 10 50 50**

**Fax í Danmörku (45) 70 10 50 56**

**Netfang** [sos@sos.dk](mailto:sos@sos.dk)

**Heimasíða** [www.sos.dk](http://www.sos.dk)

## Önnur mikilvæg símanúmer:

Neyðarsími Kreditkorts hf. 354-533 1400,

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 354-440 2000 („Collect“)

Netfang: [kreditkort@kreditkort.is](mailto:kreditkort@kreditkort.is)

## Heimasíður:

[www.kreditkort.is](http://www.kreditkort.is)

[www.sjova.is](http://www.sjova.is)

## Fax:

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 354 440 2090

## ATHUGAÐU VEL AÐ:

- \* Lesa SOS INTERNATIONAL skilmálana og Sjóvá tryggingarskilmálana vel og vandlega.
- \* Hafa SOS INTERNATIONAL kortið meðferðis.
- \* MasterCard kortið þitt sé í gildi á meðan á ferð stendur.
- \* Leggja leylinúmerið fyrir hraðbanka (pin-númer) vel á minnið en taka það ekki með í ferðina.
- \* Fara aldrei ein(n) í hraðbanka að kvöldi né nóttu.
- \* Tilkynna strax til Kreditkorts hf., sími +354 533 140000 (sínavakt allan sólarhringinn), eða til næsta MasterCard banka ef þú týnir kortinu eða því er stolið.
- \* Það er óráðlegt að hafa alla fjármuni og skjöl á sama stað.
- \* Ef kortið þitt er handþrykkt og kalkipappír er á milli á úttektarseðlinum skaltu biðja afgreiðslufólkið um kalkipappírinn ásamt þínu afriti.
- \* Láta kortið þitt aldrei í geymsluhólf á hótelum nema það sé 1. flokks eða 4 til 5 stjörnu hótél.
- \* Vera ætíð á varðbergi þegar seðill er útfylltur að upphæð sé rétt þar sem heildarfjárhæð er skrifuð. Oft er heildarfjárhæð skilin eftir útfyllt á veitingahúsum og er þá þjónustufólkið að biðja um þóknun (tips) og er það þá þitt að útfylla heildarfjárhæðar í reitinn.
- \* Að láta kortið aldrei fara úr þinni auglýsingu við hverskonar afgreiðslu.
- \* Að gæta kortsins og annarra verðmæta sérstaklega vel á fjölmönnum mörkuðum og skemmtistöðum, einkum þó á næturklúbbum.
- \* Ef þú ert með fleiri en eitt kort, skaltu aldrei geyma þau á sama stað, því ef veskinu er stolið stendur þú uppi allslaus.
- \* Halda saman öllum úttektarseðlum til hægðarauka fyrir þig við samanburð þegar til útskriftar kemur.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. júní 2008.**

[Efst á skjal](#)